

Hestamannafélagið Sprettur
B.t. Halldórs H. Halldórssonar
Hestheimar 14-16
203 Kópavogur

Reykjavík 25. maí 2018
UST201804-304/I.M.B.
09.07.01

Efni: Lagning reiðstígs innan friðlands Vífilsstaðavatns

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Halldórs H. Halldórssonar f.h. Hestamannafélagsins Spretts, dagsett 29. apríl 2018 um leyfi til að leggja reiðveg innan friðlands Vífilsstaðavatns í júní 2018.

Vífilsstaðavatn og nágrenni í Garðabæ er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 1064/2007. Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatns og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Garðabæjar. Meðal markmiða friðlýsingarinnar er að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að leggja 2170 m langan reiðveg frá Elliðavatnsvegi að línu- og reiðvegi um Vatnsás í júní 2018. Verða 1270 m af heildarlengd vegarins (2170 m) á öröskuðu svæði og 900 m eru á línuvegi sem verður breikkaður úr 2,5 m í 4 m. Breidd reiðstígsins er 4 m sem er samkvæmt deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir að heildarbreidd framkvæmdasvæðisins fari umfram 4 m. Verði einhversstaðar opið sár á landinu eftir framkvæmdina verður það grætt upp.

Við framkvæmdina verður notuð lítil jarðýta, hjólagrafa, malarflutningabílar og valtari. Leggja þarf tvö ræsisrör undir reiðstíginn. Verða starfsmenn verkefnisins 6-8 manns. Meðal gagna sem lögð eru fram með umsókninni er kort þar sem lega umrædds reiðvegar er sett fram.

Deiliskipulag svæðisins var auglýst í Stjórnartíðindum þann 20. desember 2017.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við verkefnislýsingu að verkið sé ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á svæðið sé vandað til við frágang og gætt að mengunarvörnun vélknúinna tækja. Hluti leiðar fylgir áður röskuðu landi eftir línuvegi og svæði sem lúpína hefur lagt undir sig. Mun stígurinn auka möguleika hestamanna á að njóta útivistar á svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu 2170 m langs og 4 m breiðs reiðstígs innan friðlands Vífilsstaðavatns að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Starfsmenn framkvæmdarinnar gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Þess skal gætt að öllu raski vegna framkvæmdarinnar verði haldið í lágmarki.
- Þess skal gætt að halda truflun á dýralífi í lágmarki.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við deiliskipulag svæðisins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir vinnslu framkvæmdaleyfis á friðlýstum svæðum er kr. 39.400, sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur